

Mönnunarreglur

**FISKISKIPA OG ANNARRA SKIPA
EN FARÐEGA- OG FLUTNINGASKIPA**

<15m og <750kW





Mönnunarreglur á fiskiskip og önnur skip <15m og 750kW

Til að hægt sé að lögskrá þarf skipið að vera komið með **haffærisskírteini** og **áhafnartryggingu** fyrir alla um borð, einstaklingur þarf að hafa réttindi í þá stöðu sem lögskrá á hann í. Hann þarf að hafa lokið a.m.k. **öryggisfræðslu smábáta** (T1) hjá Slysavarnaskóla sjómanna og **endurnýjað hana** (T2) á 5 ára fresti:

Vélarafli <250 kW

Útivist er innan við 14 klst.:

Lágmarksmönnun er skipstjóri (**SS15**). Ekki þarf smáskipavélavörð (**SSV**) ef vélarafli skipsins er minna en 250 kW:



Skipstjóri (SK) - (SS15)	
Stýrimaður (SS) - (SS15) *	

Lágmarksmönnun miðast við 14,2 m og 147 kW

* Manna þarf þessa stöðu og lögskrá ef útivist skipsins fer yfir 14 klst, sbr. ákvæði sjómannalaga

Útivist er lengri en 14 klst.:

Lágmarksmönnun er skipstjóri og stýrimaður (**SS15**). Ekki þarf smáskipavélavörð (**SSV**) ef vélarafli skipsins er minna en 250 kW:

Skipstjóri (SK) - (SS15)	
Stýrimaður (SS) - (SS15) *	

Lágmarksmönnun miðast við 14,2 m og 147 kW

* Manna þarf þessa stöðu og lögskrá ef útivist skipsins fer yfir 14 klst, sbr. ákvæði sjómannalaga

Vélarafli 250-750 kW

Útivist er innan við 14 klst.:

Lágmarksmönnun er skipstjóri (**SS15**) og smáskipavörður (**SSV**). Skipstjóri má einnig gegna störfum smáskipavélavörðar hafi hann þau réttindi, að öðrum kosti þarf að lögskrá smáskipavélavörð (**SSV**):

Skipstjóri (SK) - (SS15)	
Stýrimaður (SS) - (SS15) *	
Smáskipavélavörður (SSV) - (SSV)	
Smáskipavélavörður (SSV) - (SSV) *	

Lágmarksmönnun miðast við 14,94 m og 254 kW

* Manna þarf þessa stöðu og lögskrá ef útivist skipsins fer yfir 14 klst, sbr. ákvæði sjómanna laga

Útivist er lengri en 14 klst.:

Lágmarksmönnun er skipstjóri (**SS15**) og stýrimaður (**SS**). Skipstjóri og/eða stýrimaður mega einnig gegna störfum smáskipavélavörða hafi þeir þau réttindi. Að öðrum kosti þarf að lögskrá smáskipavélavörð (**SSV**). Hafi annar þeirra réttindi smáskipavélavörðar þarf að lögskrá einn smáskipavélavörð. Hafi hvorugur þeirra þau réttindi þarf að lögskrá tvo smáskipavélavörði:

Skipstjóri (SK) - (SS15)	
Stýrimaður (SS) - (SS15) *	
Smáskipavélavörður (SSV) - (SSV)	
Smáskipavélavörður (SSV) - (SSV) *	

Lágmarksmönnun miðast við 14,94 m og 254 kW

* Manna þarf þessa stöðu og lögskrá ef útivist skipsins fer yfir 14 klst, sbr. ákvæði sjómanna laga

Þjónustusamningar

Ekki þarf smáskipavélavörð (**SSV**) ef gerður hefur verið samningur við þjónustuaðila í landi um viðhald vélbúnaðar skipsins og sá samningur er staðfestur af Samgöngustofu. Í þeim tilvikum eru stöður smáskipavélavörðar **S** merktar, og þarf þá ekki smáskipavélavörð, hvort sem útivist er innan 14 klst. eða lengri:

Skipstjóri (SK) - (SS15)	✓
Stýrimaður (SS) - (SS15) *	✓
Smáskipavélavörður (SSV) - (SSV) S	?
Smáskipavélavörður (SSV) - (SSV) S	?

Lágmarksmönnun miðast við 13,24 m og 555 kW

* Manna þarf þessa stöðu og lögskrá ef útivist skipsins fer yfir 14 klst, sbr. ákvæði sjómannalaga

Ath: Ef músarbendill er staðsettur yfir S táknið má sjá nánari upplýsingar um þjónustusamninginn.

Samsett staða (skipstjóri er líka smáskipavélavörður)

Skipstjóri (**SS15**) þarf að vera handhafi gilds skipstjórnarskírteinis <15 m og má einnig vera smáskipavélavörður (**SSV**) ef hann hefur þau atvinnuréttindi. Við lögskráningu er þá valin samsett staða - Skipstjóri/smáskipavélavörður (**SS15/SSV**):

Staða *

Skipstjóri/smáskipavélavörður (SK/SSV) x ▲

- Rannsóknarmaður (RA)
- Skipstjóri (SK)
- Skipstjóri/smáskipavélavörður (SK/SSV)**
- Smáskipavélavörður (SSV)

Samsett staða (stýrimaður er líka smáskipavélavörður)

Stýrimaður (**SS15**) þarf að vera handhafi gilds skipstjórnarskírteinis <15 m og má einnig vera smáskipavélavörður (**SSV**) ef hann er hefur þau atvinnuréttindi. Við lögskráningu er þá valin samsett staða - Stýrimaður/smáskipavélavörður (**SS15/SSV**):

Staða *

Stýrimaður/smáskipavélavörður (SS/SSV) x ▲

- Smáskipavélavörður (SSV)
- Stýrimaður (SS)
- Stýrimaður/smáskipavélavörður (SS/SSV)**
- Tæknimaður (TÆ)